

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. apríl 2024
Málsnúmer: 202404-0020
SS

Efni: Umsögn um beiðni um almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum.

Vísað er í tölvubréf frá Orkustofnun, dags. 8. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Matís ohf. um almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum.

Um er að ræða framlengingu á gildandi leyfi sem síðast var veitt í ársbyrjun 2019 til fimm ára. Sótt er um framlengingu til fimm ára að nýju. Stefnt er að því að leyfið nái yfir sýnatöku á 22 jarðhitasvæðum víða um land. Óskað er eftir að bæta við einu svæði frá fyrra leyfi.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við framlengingu leyfisins þar sem sýnatakan felur ekki í sér jarðrask eða umhverfisspjöll. Sækja ætti um leyfi til Umhverfisstofnunar eða Vatnajökulspjóðgarðs í þeim tilfellum sem um sýnatöku á friðlýstum svæðum er að ræða. Hins vegar er forsenda fyrir leyfisveitingunni að Matís ohf. endurnýji samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um eftirlit með framkvæmd rannsóknaleyfis og upplýsingagjöf um sýni og niðurstöður eins og reglur gera ráð fyrir. Mikilvægt er að samningurinn sé endurnýjaður við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

